

Annar fundur Skólaneftndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara miðvikudaginn 14. mars 2018 klukkan 15:00.

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, Bryndís Ívarsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Drög að dagskrá

1. Staða nemenda
2. Fjárhagsstaðan
3. Markaðsmál
4. Skólakynningar
5. Fardagar
6. Sumardagurinn fyrsti
7. Hollandsheimsókn
8. Ferð verkefnastjórnar á námskeið í Finnlandi
9. Tónkvísl
10. Önnur mál

1. Staða nemenda

Í byrjun árs eru 86 nemendur í skólanum, sem er óbrett frá því sem var í haust.

2. Fjárhagsstaðan

Ekki liggur enn fyrir niðurstaða rekstar fyrir árið 2017. Ekki er því ljóst hver staða skólans er.

3. Markaðsmál og skólakynningar

Ákveðið var að ráða markaðsfyrirtækið Sahara og Silent til þess að vinna að markaðssetningu skólans. Áætlað var að herferðin hæfist um miðjan febrúar. Það gekk þó ekki eftir og hófst hún þann 10. mars. Áherslan að þessu sinni er fyrst og fremst lögð á samfélagsmiðla. Það á svo eftir að koma í ljós hvaða árangri það skilar. Auk þess er gert ráð að heimsækja grunnskólum á svæðinu og eru þær heimsóknir þegar hafnar. Eftir páska gerir skólameistari ráð fyrir að kynna skólann á Suðurnesjum.

4. Fardagar

Fardagar voru haldnir í síðustu viku. Í upphafi var áætlað að 13 nemendur kæmu úr öðrum fjarmenntaskólum kæmu hér og tækju þátt í sérstakri dagskrá, en urðu alls sjö þegar upp var staðið. Á meðan var hefðbundin dagskrá lögð til hliðar. Stóð þessi dagskrá í eina viku, sem skilaði skólanum aukalega 120-150 einingum eða sem svarar fjórum nemendaígildum. Þá hefur komið til umræðu að brjóta upp hefðbundna dagskrá að hausti, mögulega í samvinnu við Menntaskólann á Töllaskaga.

5. Sumardagurinn fyrsti

Opinn dagur verður í skólanum þennan dag með fjölbreyttri dagskrá. Auk þess að kynna skólann og starfsemi hans er gert ráð fyrir að kynna vörur, menningu og listir úr héraði.

6. Verkefnið *Water is life*

Hallur og Guðmundur Smári fóru með hóp af nemendum til Hollands í síðastliðið haust. Nú er von á átta nemendum frá Hollandi í heimsókn til Laugar. M.a. er gert ráð fyrir að rannsaka lífríki Laxár í tengslum við styrkveitingu frá Landsvirkjun. Auk þess er gert ráð fyrir að hópurinn setji upp eitt stykki vatnsaflsstöð.

7. Ferð verkefnastjórnar á námskeið í Finnlandi

Hallur, Arnór og Hanna Sigrún eru í verkefnastjórn sem vinnur að gerð áfanga er lítur að heilsu og ábyrgð í víðu samhengi. Þetta er stór áfangi þar sem með unnið verður með breyttum kennsluaðferðum. Þau eru af þessu tilefni á leið til Finnlands til þess að kynna sér aðferðir Finna er lúta að nýbreytni í kennsluháttum.

8. Tónkvísl

Tónkvíslin verður n.k. laugardag. Fjáröflun hefur gengið vel og er annar undirbúningur á lokametrunum. Vegna mikillar aðsóknar þurfti að halda forkeppni að þessu sinni. Kristinn Ingi Pétursson hefur haft umsjón með vinnu nemenda þetta árið.

9. Önnur mál

- a) Sigurbjörn velti upp þeim möguleika að breyta tilhögun útskriftarferðalags útskriftarnema. Ferðalagið yrði þá að vori annars árs með það að markmiði að hrissta saman væntanlegan útskriftarhóp. Þar sem að þorri nemenda yrði ekki orðin átján ára er ljóst að það kallar á meiri formlegri aðkomu skólans en áður hefur verið.
- b) Skólameistari verður í tveggja vikna frí frá og með 20. mars.
- c) Starfsmannamál fyrir næsta vetur eru ekki frágengin að fullu. Þau munu væntanlega skýrast fljótlega upp úr páskum.
- d) Næsti fundur ákveðinn 9. maí klukkan 15:00.